

Sp.

600. Tillaga til þingsályktunar

[170. mál]

um ríkisábyrgð fyrir Suðurfjarðahrepp til þess að ljúka endurbyggingu á hafskipabryggju á Bildudal.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Suðurfjarðahrepp allt að 200 þús. kr. lán til þess að ljúka endurbyggingu hafskipabryggjunnar á Bildudal, svo að skip geti aftur lagzt að henni á komandi vori.

Greinargerð.

Á síðastliðnum vetri sigldi olíuflutningaskipið Þyrill, sem er eign ríkissjóðs, á hafskipabryggjuna á Bildudal og sópaði henni svo gersamlega í burtu, að ógerlegt var að nota hana. Var slys þetta stórkostlegt áfall fyrir þorpið, þar sem ekkert skip gat haft samband við land á eftir. Hafa síðan allir flutningar orðið að fara fram milli lands og skipa á smábátum, og þarf ekki að lýsa því, hvaða áhrif það hefur á allan atvinnurekstur staðarins, svo sem frystihús, niðursuðuverksmiðju og fiskimjölsværksmiðju, enda er svo komið, að þessi atvinnufyrirtæki eru bókstaflega að kíkna undir þeim erfiðleikum, sem þessu eru samfara. Strax og slysið hafði skeð, var hafizt handa um að undirbúa endurbyggingu bryggjunnar, gera að henni uppdrátt og viða að efni. Er nú svo komið, að mestallt efni er fengið, sumt þegar komið á staðinn og annað væntanlegt innan skamms. Hefur framkvæmd verksins verið falin hafnarmálaskrifstofu ríkisins. Vitamálastjóri telur sig þó ekki geta haldið verkinu áfram, nema til komi nægilegt fé til greiðslu á öllum kostnaði, eins og eðlilegt er, en allt féð er enn ekki fyrir hendi. Hefur hann ritað mér um þetta atriði, og er bréfið birt hér með sem fylgiskjal.

Eigendur bryggjunnar gerðu þegar allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að tryggja endurgreiðslu á tjóni því, sem Þyrill olli á bryggjunni. Voru matsmenn tilnefndir til að meta tjónið, sem að þeirra dómi var álitid um 185 þús. kr. miðað við þáverandi verðlag og eðlilega fyrningu bryggjunnar. Eigendur skipsins hafa hins vegar neitað skaðabótaskyldu og greiðslu bóta án dóms, svo að hreppurinn hefur orðið að höfða mál út af skemmdunum. Hins vegar hefur ríkisstjórnin fallizt á, að Skipaútgærðin greiddi nú þegar matsupphæðina, gegn því, að væntanlegar tildæmdar bætur kæmu á móti á sínum tíma. En þetta fé er engan veginn nægilegt til þess að ljúka verkinu, enda eru bótakröfur gerðar miklu hærri, m. a. vegna hækkandi verðlags o. fl.

Samkvæmt áætlun frá vitamálastjóra mun bryggjan kosta fullbyggð 463 þús. kr. Vantar því um 162 þús. til þess að ljúka verkinu, samkvæmt áætlun, en með því að rétt þykir að gera ráð fyrir því, að kostnaðurinn geti orðið meiri, er farið fram á allt að 200 þús. kr. ábyrgð, þar sem það er lífsskilyrði fyrir hreppinn, að verk þetta stöðvist ekki, heldur verði því lokið svo fljótt sem unnt er.

Ef áætlun vitamálastjóra stentz, yrði ógreitt framlag hreppsins um 93 þús. kr., þegar verkinu er lokið, miðað við, að eigi fengist tildæmt meira en matsupphæðin, 185 þús., og ógreitt framlag ríkisins þá um 70 þús. kr. Hins vegar má fyllilega gera ráð fyrir því, að hlutur hreppsins verði ekki svo stór, þegar málið hefur verið gert upp að fullu.

Eins og að framan greinir er þegar allt undirbúið, til þess að hægt sé að ljúka þessu verki á næstu mánuðum. Atvinnuöryggi Bilddælinga er bókstaflega undir því komið, að þetta verk dragist ekki. Þess vegna er tillaga þessi borin fram. Er þess vænt, að hún verði samþykkt áður en þingi lýkur.

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNAMÁLASTJÓRINN

Með tilvísun til samtals okkar í dag leyfi ég mér hér með að senda yður, hr. alþm, eftirfarandi yfirlit yfir fjárreiður Bíldudalsbryggju:

Áætlaður stofnkostnaður kr. 463000.00
Handbært fé:

Frá Skipaútgerð ríkisins, sbr. bréf ráðuneytisins
dags. 20. nóv. s. l. kr. 185000.00
Ónotuð fjárveiting hér um áramót — 41000.00
Á fjárlögum 1951 — 75000.00
..... — 301000.00

Þá vantar til að fullgera verkið kr. 162000.00

Ef gert er ráð fyrir, að skaðabótaupphæðin, kr. 185000.00, verði skoðuð sem framlag hreppsins til mannvirkisins, skiptist kostnaður þannig:

Suðurfjarðahreppur greiðir $\frac{2}{5}$ kostnaðar kr. 277800.00
Skaðabótaframlag — 185000.00

Hreppurinn á ógreitt kr. 92800.00
Ríkissjóður greiðir $\frac{3}{5}$ kostnaðar — 185200.00
Þegar greitt, í sjóði hér, kr. 41000.00
Á fjárlögum 1951 — 75000.00
..... — 116000.00

Ríkissjóður á ógreitt kr. 69200.00

Efni hefur nú verið útvegað að mestu og áhöld sömuleiðis. Vinna getur því hafizt hvenær sem er úr þessu.

Er því nauðsynlegt, að fé, sem vantar, kr. 162000.00, bæði frá hrepp og ríki, eins og nánar er gerð grein fyrir hér að ofan, komi sem allra fyrst, því að verkið er ekki hægt að vinna, nema nokkurn veginn jöfnum höndum verði hægt að greiða vinnulaun.

Vænti heiðraðs svars yðar.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.

Hr. alþm. Gisli Jónsson, Reykjavík.